

Sp.

903. Þingsályktun

[199. mál]

um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

(Afgreidd frá Sp. 4. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafi það að meginmarkmiði að auka atvinnu í iðnaði, stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins.